



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 140/1100
komudagur 20.2.2012

Reykjavík, 20. febrúar 2012.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

**Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um
Þskj. 714 — 468. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla nr. 63/2006
(sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda).**


Kennarasamband Íslands telur að frumvarpið sé til bóta, sérstaklega áherslan á fræðilegt sjálfstæði starfsmanna, skyldu háskóla til að setja sér siðareglur, þátttöku nemenda og starfsfólks í stjórnun háskóla og bætt réttindi fatlaðra nemenda.

Kennarasamband Íslands hefur eftirfarandi athugasemdir við **13. gr.** frumvarpsins, 2. málslíð þar sem stendur „Ráðherra er heimilt að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum“.

KÍ telur að þarna þurfi að ganga lengra þannig að það verði skylda en ekki heimild að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum til að tryggja gæði þess náms svo það verði ekki rýrara en annað framhaldsskólanám. KÍ leggur því til að í stað „er heimilt að“ komi „skal“.

Virðingarfyllst,

F. h. Kennarasambands Íslands


Björg Bjarnadóttir varaformaður